

## SVEINSPRÓFSNEFND Í KJÓLASAUMI

### Upplýsingar til umsækjanda um sveinspróf í kjólasaumi 2019

#### Prófskipan:

Í kjólasaumi er metinn árangur 4ra ára náms.

Prófið veitir réttindi í sniðingu og saumskap á kvenfatnaði.

<b>Prófið skiptist í 4 þætti</b>		
Verklegur hluti :	vægi prófhl.	Vægi af lokaeinkunn
Efnismeðferð	5%	
Frágangur	30%	
Ytra útlit	65%	
<b>a) Verklegur hluti Samtals</b>	<b>100%</b>	<b>50%</b>
<b>b) Vinnuhraði</b>	<b>100%</b>	<b>10%</b>
<b>c) Skriflegt próf</b>	<b>100%</b>	<b>10%</b>
<b>d) Sniðteikning, framsetning á verkefni og útlitsteikningar.</b>	<b>100%</b>	<b>30%</b>

#### 1.

Prófstykkið skal vera:

- dagkjóll,
- jakkakjóll eða
- kvöldkjóll

#### 2.

Próftaki skal skila til sveinsprófsnefndar þrem mismunandi teikningum af kjól, (teikningum af fram og bak hlið). Kjóllinn skal vera alfóðraður með lausu eða föstu fóðri, stuttum eða löngum ísettum ermum. Að minnsta kosti fimm af eftirtöldum atriðum þurfa að vera á kjólnum.

1.	Hexaður faldur
2.	Hnappagöt passpöleruð
3.	Hneppslur/lissur með hnöppum
4.	Lek og / eða Bísalek
5.	Perlusaumur (smá rós eða stafur).
6.	Quiltera (smá rós eða staf).
7.	Vasi með loki.
8.	Vasi, passpöleraður.
9.	Brydding.
10.	Rennilás.

Með teikningu skal fylgja stutt skýring hvernig vinna skal flíkina ásamt sýnishornum af þeim efnum sem eru notuð.

Teikningum þremur og skýringum skal skila ekki síðar en 10 dögum áður en sveinspróf hefst. Teikningunum skal skila í tvíriti (frummynd og ljósrit).

3.

Prófnefnd velur eina teikningu af þremur sem verður prófstykki, á fundi viku fyrir próf. Próftaki skal koma með mál af módeli sínu á prófstað þegar prófið hefst.

4.

Próftími er samtals 40 klst. og saman stendur af 3 þáttum:

1. skriflegu prófi, tekur 40 mín.
2. verklegu prófi
3. kaffitímar, (frjálst val)

Prófstykki skal saumað á lifandi módel. Módelið má ekki vera í námi í fataiðn eða lært í henni og ekki vera yngra en 16 ára.

5.

Próftaki teiknar og útfærir snið samkvæmt teikningu og sníður í próftímanum.

6.

Sýna skal 2 mátanir og að auki kjólinn fullgerðan á módeli. Lagt er mat á, á hvaða stigum kjóllinn er mátaður. Próftökum er frjálst að kalla á módel sitt til aukamátunar telji þeir þörf á því.

7.

Skriflegt próf verður lagt fram meðan á próftíma stendur. Spurt verður um

Meðferð véla.
Meðferð efna.
Vinnuaðferðir.
Verkfæri.

8.

Sýna skal máltöku eftir mátun númer 2.

9.

Til að próftaki standist prófið þarf að skila fullfrágengnum kjól.

Á kjólnum skulu vera að minnsta kosti fimm atriði af þeim sem fram koma í lið nr. 2.

**Einnig að ná lágmarkseinkunn,sem er 5, í hverjum þætti sem eru 4 alls.**

10.

Mat er lagt á kunnáttu í meðferð þeirra efna sem kjóllinn er unnin úr.

**11.**

Kjöllinn skal vera í útliti eins og teikningin gefur til kynna.

Aðferð frágangs á saumum: ( overlock, ZIKK-ZAKK), brydding, metið eftir efnisgerð og sniði.

**12.**

Í lok sveinsprófs skal skila:

1. Teikningum af kjólunum sem lagðar voru fram fyrir próf ásamt vinnulýsingu.
2. Grunnnsniði og útfærslum af kjól.
3. Útfylltum dagbókareyðublöðum en eyðublöð þessi verða lögð fram í byrjun sveinsprófs.

**13.**

Þegar próftaki hefur lokið sveinsprófi og niðurstöður þess liggja fyrir skal prófnefnd gefa honum kost á að sjá þær, prófsýning. Telji hann ástæðu til að véfengja niðurstöður sveinsprófsnefndar, kveður menntamálaráðherra til prófdómara til þess að fara yfir niðurstöðuna. Úrskurður prófdómara skal gilda. Ef þessi staða skapaðist, fær próftaki ekki prófstykkið og þau gögn sveinsprófs afhent, fyrr en lokaniðurstaða er komin.

**14.**

Afhending sveinsbréfs er í september ár hvert.